

Ed.

815. Frumvarp til laga

[335. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—74.)

1. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og miá þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan eins og hálf mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

2. gr.

Við gerð sérkjarasamninga 1974 skal heimilt eftir ósk aðila að fresta málsskoti til Kjaradóms til 15. maí 1974. Jafnframt framlengist frestur Kjaradóms til dómsuppkvaðningar til 10. júlí 1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérsamningar fjármálaráðherra við einstök aðildarfélag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna standa nú yfir. Samkvæmt gildandi lögum eiga ágreiningsatriði að ganga til Kjaradóms 1. maí n.k.

Eins og viðræður standa, eru líkur til þess, að lengri tími til viðræðna auki svigrúm til samningsgerðar. Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir, að heimilt sé, ef fjármálaráðherra eða einstakt aðildarfélag heildarsamtaka óskar þess, að fresta málsskoti til Kjaradóms um hálfan mánuð. 2. grein frumvarpsins gerir ráð fyrir slíkri heimild.

Í 7. gr. laga nr. 46 1973 er sú villa, að í 4. málslíð 2. málsgr. 17. gr. féllu brott orðin „eins og“.

Hugmynd nefndar þeirrar, sem samdi frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var sú, að við endurskoðun þá, er 7. gr. laganna gerir ráð fyrir á samningstímabili, gengi ágreiningur til Kjaradóms, ef deila væri eigi leyst innan eins og hálf mánaðar frá kröfugerð.

Rétt þykir að leiðrétta þessa villu, og felur 1. gr. frumvarpsins í sér þá leiðréttingu.